

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 69/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Antoni Karlssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1990, sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. febrúar 1990.

Ár 1990, laugardaginn 24. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Antoni Karlssyni, kt. 060572-3569, til heimilis að Álakvísl 74, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir.

Þann 12. október 1989 var brotist inn í birgðageymslu Olís og Sunda hf. við Vagnhöfða 13, Reykjavík. Í innbrotinu hurfu u.þ.b. 360 karton

af vindlingum og krónur 48.000 í peningum samkvæmt rannsóknargögnum málsins. Fimmtudaginn 22. febrúar sl. var kærði handtekinn af lögreglu vegna grunar um aðild að innbrotinu.

Kærði er jafnframt grunaður um sölu myndbandstækis, er hvarf í innbroti í Verslunarskóla Íslands aðfaranótt nýársdags sl.

Kærði hefur viðurkennt fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að eiga aðild að innbrotinu. Kvaðst kærði hafa staðið að innbrotinu í félagi við tvo aðra, Arnar og Agga. Kærði hefur borið, að þeir hafi stolið u.þ.b. 200 kertonum af vindlingum og 25.000 krónum í peningum, og hafi kærði fengið þriðjung þýfis í sinn hlut. Jafnframt hefur kærði viðurkennt að hafa selt nefnt myndbandstæki. Kveðst kærði ekki vita, hvaðan tækið kom, en verið ljóst, að það væri illa fengið.

Eftir er að yfirheyra aðra, sem grunaðir eru um að hafa staðið að innbrotinu með kærða. Brot það, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Ljóst er, að rannsókn máls þessa er á frumstigi. Veruleg hætta er á, að kærði spilli sakargögnum.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Anton Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.